

Felum og finnum 2

Klemmur á ferð og flugi

Aldur barna	2-3 ára	3-4 ára	4-5 ára	5-6 ára
Námssvlið	Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
Ástæður	Umhverfi	Árstíð		
	Hvaða umhverfi sem er. Helst þar sem ekki er alveg opið svæði heldur möguleiki á að fela hluti.	Hvaða árstíð sem er.		

Lýsing á verkefni

- Kennarinn, eða tvö til þrjú börn í sameiningu, fela klemmur eða klemmufiðrildi í nágrenninu á meðan hinir grúfa sig.
- Kennarinn gefur börnunum fyrirmæli um að safna saman fiðrildunum og leggja þau á hvíta dúkinn.
- Hægt er að leggja klemmurnar á töluspjöld líkt og gert er í **Felum og finnum 1 – Fjárjóasleit**.
- Einnig er hægt að fela hverju barni að festa klemmu á stað sem því finnst fallegur eða áhugaverður. Þegar öll börnin hafa fest klemmur getur verið mjög skemmtilegt að ganga á milli þeirra allra og hlusta á börnin segja frá því hvers vegna þau kusu að festa klemmuna á þennan stað.

Gógn

Klemmur eða klemmufiðrildi (sjá mynd).
Hvítur dúkur.

